

Minnisblað

Til: Fræðslunefndar
Frá: Margréti Halldórsdóttur sviðsstjóra skóla- og tómsfundasviðs
Dags. 16. janúar 2018
Mnr. 2017120066



ÍSAFJARÐARBÆR

Reiknilíkan fyrir leikskóla

Á fundi fræðslunefndar þann 4. janúar 2018 var lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og tómsfundasviðs er varðar nýtt reiknilíkan fyrir leikskólana í Ísafjarðarbæ. Nefndin bókaði: „Lagt fram til kynningar, áframhaldandi vinna og útfærsla verður unnin.“ Sviðsstjóra var falið að skoða kostnaðaraukningu ef börnum verði fækkað á hvert stöðugildi starfsmanna og skoða hvað önnur sveitarfélög eru að miða við.

Í útreikningi er miðað við starfsmanna fjölda og menntunarstig skólanna eins og það er í dag.

	Stöðugildi miðað við líkan	Stöðugildi miðað við fækkun barna á starfsmann
Sólborg	27,27	31,29
Grænigarður	3,72	4,55

Á Sólborg er þetta aukning um 4 stöðugildi. Kostnaður við hvert stöðugildi fer eftir menntun starfsmanns. Ef miðað er við 5-7 milljónir væri kostnaður við leikskólann Sólborg 20-28 milljónir á ári. Á leikskólanum Grænagarði yrði aukningin um 0,8 stöðugildi og kostnaðaraukning því 4-5,6 milljónir. Gera má ráð fyrir svipuðum breytingum á Laufási og á Grænagarði og eitthvað meira á Tjarnabæ.

Verði niðurstaðan sú að fækka börnum á hvert stöðugildi inni á deild mun það hafa áhrif á samning okkar við Hjallastefnuna vegna leikskólans Eyrarskjóls.

Sviðsstjóri hefur spurst fyrir í nokkrum sveitarfélögum hvaða viðmið um barnafjölda er verið að nota og eru flestir að miða við gömlu barngildin.

MH